



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 60. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Fjarfundur, 1. október 2018, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðabjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Farið yfir áherslur í vinnu við rekstraráætlun suðursvæðis 2019.

Þjóðgarðsvörður fór yfir mannhaldsáætlun fyrir 2019. Ljóst er að starfsmannahald er ekki nóg á árinu 2018 eins og sjá má af ásýnd ferðamannastaða og álagi á starfsmenn og því full þörf á fjölgun starfsmanna. Áætlun gerir ráð fyrir talsverðri aukningu í fjölda starfsmanna á suðursvæði. Mikill fjöldi ferðamanna á svæðinu allt árið kallar auk þess á aukið viðhald og uppbyggingu innviða. Vinna er í gangi við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir ný svæði á suðursvæði sem og deiliskipulag við Jökulsárlón. Svæðisráð leggur áherslu að fjármagn sé tryggt til að klára þessi verkefni á árinu 2019.

2. Breiðamerkursandur: Tímabundið akstursbann - 1809023

12. febrúar 2018 var sett tímabundin lokun fyrir vetrarakstri vélknúinna ökutækja á svæði á austanverðum Breiðamerkursandi. Lokunin var í gildi til 30. apríl 2018.

Forsendur lokunarinnar að hér er um að ræða viðkvæmt svæði sem hefur komið undan jökli við hóp Breiðamerkurjökuls á síðustu árum og er að mestu leyti ósnortið af manna völdum. Akstur á svæðinu gæti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem hætta skapast á að varanleg slóð eða för myndist, jafnvel þótt jörð sé snævi þakin og frosin. Hluti hins lokaða svæðis var hulinn jökli 1998 og því hluti Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun hans, en auk þess nær lokunin til svæðis sem bætt var við landsvæði þjóðgarðsins, með reglugerð nr. 730 þann 25. júlí 2017. Nú er unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Þjóðgarðsvörður fór yfir forsendur tímabundinnar lokunar. Svæðisráð styður ákvörðun um tímabundna lokun veturinn 2018-2019.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun: Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Formaður svæðisráðs upplýsti um framgang vinnunnar frá síðasta fundi svæðisráðs. Lagt fyrir svæðisráð samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar og verndaráætlunar fyrir svæðið. Samkvæmt framlagðri áætlun verður hún unnin í fjórum þrepum. Þrep eitt viðtöl við hagaðila, þrep tvö vinna í rýnihópum, þrep þrjú blandaðir rýnihólpar fjórða þrepíð er

opnir íbúafundir. Áætlunin gerir ráð fyrir að þessum þrepum verðir lokið í maí/júní 2019. Drög að lista yfir hagaðili lagður fram.

Svæðisráð fagnar að vinna sé hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Lögð er áhersla á að á samráðsfundum sé leitast við að ná öllum sjónarmiðum fram.

4. Suðursvæði: samráðsfundur, afþreyingarferðþjónusta - 1809005

Formaður fór yfir framvindum málsins frá síðasta fundi svæðisráðs. Ákveðið hefur verið að fundurinn verði að Smyrlabjörgum 4. október. Búið er að senda upplýsingar á afþreyingarferðþjónustuaðila og skráning á fundinn gengur vel. Drög að dagskrá og umræðuefni fundar lagt fram.

Umræða um framkvæmd og fyrirkomulag fundarins. Svæðisráð mun hittast á Smyrlabjörgum fyrir fundinn 4. okt.

Fundi slitið kl. 10:30.
